

Mánudaginn 5. nóvember 1934.

Nr. 139/1934. Réttvísinn og valdstjórnin

(Bjarni Þ. Johnson)

gegn

**Guðjóni Helga Kristjánssyni og**

**Björgvin Sigmar Stefánssyni**

(Pétur Magnússon).

Brot g. 231. gr. hegnl.

*Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 10. júlí 1933:* Ákærður, Guðjón Helgi Kristjánsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjóra mánuði og greiði 50 króna sekt til rikissjóðs og komi fimm daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður, Björgvin Sigmar Stefánsson, sæti þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en framkvæmd refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að fimm árum liðnum frá lögbirtingu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 16. nóv. 1907 eru haldin. Hann greiði og fimmtíu króna sekt til rikissjóðs og komi fimm daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum Helga Benediktssyni, kaupm. kr. 30,00.

Ákærður, Guðjón Helgi Kristjánsson, greiði kostnað við gæzluvarðhald sitt, en allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærðu in solidum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Taka muna þeirra, úr vélbátnum Blakkur, sem í máli þessu greinir, er ein þeirra athafna, sem lýst er í 4. tölulið 231. gr. almennra hegningarlaga og að því er ákærða, Björgvin Sigmar Stefánsson, varðar, sbr. við 1. málslið 48. gr. sömu laga. Refsing ákærða, Guðjóns Helga Kristjánssonar, fyrir þetta brot þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 7. sbr. 8.

gr., laga nr. 51/1928, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Refsing ákærða, Björgvins Sigmars Stefánssonar, þykir þar á móti hæfilega sett 2 mán. fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og skal fresta fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Hinir ákærðu eru einir til frásagnar um áfengisneyzlu sína kveldið 18. maí 1933. Það er ekki upplýst neitt um það, að nokkur maður hafi séð á þeim áfengisnautn meðan þeir voru í landi, og afhafnir þeirra eftir að þeir voru komnir út í vélbátinn Sæfara, benda alls ekki á, að þeir hafi verið stórkostlega undir áhrifum áfengis. Það þykir því eigi nægileg ástæða til að telja þá hafa verið ölvaða umrætt skipti, og verður því að sýkna þá af kæru valdstjórnarinnar fyrir brot á áfengislögum.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði og skaðabóta þykir mega staðfesta.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Það er athugavert, að aukaréttardómurinn, sem upp var kveðinn 10. júlí 1933, hefir eigi verið birtur hinum ákærðu fyrr en 28. maí og 8. ágúst 1934, án þess að grein sé gerð fyrir þessum drætti, og að hegningarvottorð ákærða Guðjóns Helga frá Siglufirði vantar, og hegningarvottorð ákærða Björgvins Sigmars frá Vestmannaeyjum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Guðjón Helgi Kristjánsson, sæti 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákærði, Björgvin Sigmar Stefánsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði og skaðabóta eiga að vera óröskuð.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Péturs Magnússonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn þeim Guðjóni Helga Kristjánssyni, vélstjóra, til heimilis Bergstaðastíg 6 c, Reykjavík og Björgvin Sigmar Stefánssyni, sjómanni, til heimilis Skálholtsstíg 2, Reykjavík, fyrir brot gegn 23. kapitula hegningarlaganna frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51 7. maí 1928 og gegn áfengislögum nr. 64 19. maí 1930, svo og til greiðslu iðgjalda og málskostnaðar. Málavextir eru, samkvæmt því, sem löglega er sannað í málinu með játningu ákærðu, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, sem hér segir:

Fimmtudaginn þann 18. maí s. l. lá v. b. Sæfari, V. E. 11, við Básaskersbryggju hér í bænum, en ákærði Guðjón Helgi, var vélstjóri á nefndu skipi og ákærði, Björgvin Sigmar, var háseti á því. Um kl. 8½ um kvöldið fóru ákærðir báðir saman á kvikmyndasýningu í bióhúsinu hér í bænum, en áður höfðu þeir keypt 250 gr. hvor af suðuspiritus í lyfjabúðinni hér í bænum og drukku það nokkru áður en þeir fóru á kvikmyndasýninguna og að nokkru er hlé varð á kvikmyndasýningunni og kl. að ganga 11 um kvöldið, er kvikmyndasýningunni var lokið, drukku þeir það, sem þeir áttu eftir af suðuspiritusnum, og fóru á veitingastofu Jóns Bjarnasonar hér í bænum og drukku þar öl og gengu því næst um götur bæjarins um tíma og fóru því næst um borð í v. b. Sæfara, og voru þá ölvaðir, en á leiðinni um borð í v. b. Sæfara fóru þeir um borð í v. b. Blakk, V. E. 303 og að vélarrúmi þess báts, er var læst með hengilás og fann ákærður Björvin Sigmar járnbolta á þilfari skipsins og tók ákærður, Guðjón Helgi, við járnboltanum og smeygði honum í hespuna á hengilásnum og snéri lásinn sundur með járnboltanum og fóru ákærðir því næst báðir niður í vélarrúmið og stálu þar 2 rafgeymum, 1 vélarlampa, 2 skiptilyklum, 1 rörtöng og 1 hamri, en kveðst ekki muna hvað hvor tók og fóru ákærðir því næst með muni þessa um borð í v. b. Sæfara og létu þá niður í vélarúmið í því skipi og fór ákærður, Guðjón Helgi, niður í vélarrúmið og tók við mununum, en ákærður, Björgvin Sigmar, rétti honum munina niður í vélarrúmið og fundust munir þessir allir í sjó í kjölsogi skipsins, undir vélarrúminu nema vélarlampinn, sem fannst í skáp stjórnborðsmegin í vélarrúminu við leit, er lögreglan framkvæmdi í skipinu að morgni föstudagsins þann 19. maí s. l. með samþykki skipstjórans á skipinu, og hefir ákærður, Guðjón Helgi, játað, að hafa strax látið munina þar sem þeir fundust og hafa munirnir verið afhentir skipstjóranum á v. b. Blakk og hefir eigandi þeirra, Helgi Benediktsson kaupmaður, krafizt þess að ákærðir verði dæmdir til þess að greiða honum kr. 30,00 í skaðabætur fyrir skemmdir á mununum og hafa ákærðir samþykkt þá kröfu Helga. Ákærður, Guðjón Helgi, heldur því fram, að hann hafi framið verknað þennan vegna kala eða jafnvel haturs, sem hann beri til eiganda v. b.

Blakks, Helga Benediktssonar, og hann hafi framið þjófnaðinn til þess að gera honum eitthvað til boga og heldur fram, að sú hugsun eða ásetningur hafi komið upp hjá honum vegna ölvunar, en meðferð ákærða á þýfinu, sem þeir földu strax eftir að þeir höfðu framið þjófnaðinn, sýnir að þeir hafa ætlað að hagnýta sér þýfið. En ákærði, Guðjón Helgi, hefir þó neitað að hafa sérstaklega átt frumkvæði að verknaði þessum eða að hafa eggjað með-ákærðan, Björvin Sigmar, á að vera með í honum.

Ákærður, Björvin Sigmar, heldur því fram, að hann mundi ekki hafa framið þjófnað þenna, hefði hann verið einn og að hann hafi leiðst út í að fremja hann (með Guðjóni Helga) vegna ölvunar, en kveður Guðjón Helga þó ekki hafa sérstaklega beðið hann að fremja þjófnað þenna, né eggjað hann til þess, en kveðst þó álita að Guðjón Helgi hafi staðið fyrir verknaðinum þó hann geti ekki gert nánar grein fyrir því, á hvern hátt það hafi verið.

Rétturinn verður að líta svo á, að þó ákærður, Björvin Sigmar, telji ákærðan, Guðjón Helga, hafa haft forgöngu um að fremja þjófnað þenna, að þá hafi hann þó á þann hátt hjálpað ákærðum Guðjóni Helga frá byrjun við að framkvæma þjófnaðinn, að verði að refsna honum (Björvin Sigmar) eins og hann væri valdur að verknaðinum, sbr. 48. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga.

Verknaður sá, sem ákærðir, eins og að framan greinir hafa framið, er þannig vaxinn, að lýsingin á 231. gr. 4. tölulið hinna almennu hegningarlaga á við hann og ber því að dæma þá til refsingar samkv. 7. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, sbr. og 48. gr. 1. mgr. hinna almennu hegningarlaga og auk þess hafa þeir, með því að vera ölvaðir á almannafæri, brotið gegn ákvæði 16. greinar áfengislaganna nr. 64, 19. maí 1930 og ber því að dæma þá fyrir það brot til refsingar, samkvæmt 36. gr. þeirra laga.

Ákærður, Guðjón Helgi Kristjánsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. marz 1901. Hann hefir áður, með dómi hæstaréttar uppkveðnum 3. október 1932, verið dæmdur skilorðsbundið í þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, samkv. 7. gr., sbr. 6. gr.

laga nr. 51, 7. maí 1928, fyrir brot gegn 231. gr. 4. tölulið alm. hegningarlaga og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til samkv. fyrrnefndum lagaákvæðum, sbr. og 8. gr. laga nr. 51, 7. maí 1928, hæfilega ákveðin fjöggra mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 50 króna sekt til rikissjóðs og komi 5 daga einfalt fangelsi i stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærður, Björgvin Sigmar Stefánsson, er og kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. október 1910. Hann hefir ekki áður gerzt sekur um neitt lagabrot og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin, samkvæmt fyrrnefndum lagaákvæðum, þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en framkvæmd refsingarinnar þykir mega fresta og hún falla niður að fimm árum liðnum frá uppsögn dóms þessa ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvember 1907 eru haldin. Auk þess greiði hann 50 króna sekt til rikissjóðs innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðir greiði in solidum Helga Benediktssyni, kr. 30,00.

Ákærður, Guðjón Helgi Kristjánsson, greiði kostnað við gæzluvarðhald sitt, en allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Mánudaginn 5. nóv. 1934.

Nr. 104/1933. Hreppsnefnd Gerðahrepps

gegn

Magnúsi Ólafssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Efttr að umboðsmenn aðilja höfðu flutt frumræður sínar, bað umboðsmaður áfrýjanda um það, að málf lutningi yrði frestað til kl. 2 á morgun, með